

Fræðslufundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands 6. desember 2017 haldinn í Atlantahúsinu.

Formaður Öldungadeildar, Kristófer Þorleifsson, setti fund kl. 16:00 eftir að gestir höfðu gætt sér á kökum og súkkulaði eða kaffi eftir smekk.

Hann minntist fyrst félaga úr læknastétt sem látist höfðu frá síðasta fundi, þeirra Guðmundar Óskarssonar heilsugæslulæknis, Jóns Þorsteinssonar gigtlæknis og prófessors Tómasar Helgasonar geðlæknis. Bað hann fundarmenn að rísa úr sætum og minnast þeirra með mínútu þögn.

Þá greindi formaður frá því að framkvæmdir við endurbætur á fundarsal Lí hefðu tafist og því væri þessi fundur haldinn í lánssal í Atlantahúsinu og taldi líklegt að svo verði einnig í janúar.

Því næst kynnti K.Þ. fyrirlesara dagsins, Gísla Einarsson endurhæfingarlækni, sem síðustu fjögur ár hefur starfað á vegum stjórnvalda í Kuwait, að uppbyggingu gríðarstórrar endurhæfingarstofnunar í Doha höfuðborg þessa olíuríka eyðimerkuríkis á Arabíuskaga. Nefndi Gísli fyrirlestur sinn „**Ef Guð lofar**“ sem er viðkvæði landsmanna ef eitthvað er nefnt sem er óorðið.

Verkefni Gísla var f. o. f. skipulagning væntanlegrar starfsemi, val og kaup tækja til endurhæfingarinnar. Var þar í engu til sparað, en á starfstímanum lækkaði olíuverð um meira en helming og þrengdist þá hagur strympu, þó þess sæi ekki stað á myndum Gísla, hvorki hvað glæsileik bygginga eða búnaðar innanstokks varðaði. Við lok starfstíma Gísla var starfsemi stórrar göngudeildar hafin og spítalinn tilbúinn að taka á móti sjúklingum til innlagna svo sem ráðningarsamningur hafði gert ráð fyrir.

Þá gaf Gísli fundargestum innsýn í viðhorf fólks í þessu múslímska ríki þar sem „allt er guðlegt“, trúin algjör undirstaða alls. Síðan gerði hann örstutt grein fyrir mismun hinna þriggja „Abrahamisku“ trúarbragða; Gyðingdóms, Múslimskrar trúar og Kristni sem öll eiga sameiginlegan Guð. En það er meiri og flóknari saga en hægt er að gera grein fyrir í stuttu máli að sögn Gísla! Hann svaraði síðan spurningum. Var honum síðan þakkaður skemmtilegur og fræðandi fyrirlestur með þakkarskjali og bók auk dynjandi lófaklapps.

Fundinn sátu 56 félagar og gestir.

Jóhannes M. Gunnarsson, ritari.